

Skipulag

Fundarboðandi:	Esther Hermannsdóttir	Fundarstaður:	Fjarfundur (Teams)
Fundarstjóri:	Þorvaldur Þórðarson	Dagsetning:	24.01.2024
Fundarritari:	Viktor S. Pálsson	Fundartími:	13:00 – 14:20

Pátttakendur: Þorvaldur Þórðarson (yfirdýralæknir, formaður fagráðs) Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands), Emma Björg Eyjólfsdóttir varamaður Henrys Alexander Henryssonar (f.h. Siðfræðistofnunar HÍ), Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýraverndarsambands Íslands) og Guðrún Birna Brynjarsdóttir varamaður Hilmars Vilbergs Guðjónssonar (f.h. Bændasamtaka Íslands) og Sigríður Björnsdóttir (sérgreinadýralæknir).

Dagskrá

1. Umsóknir um leyfi til tilrauna á dýrum.

- a. Alternative immunization strategies against challenging targets

Fagráðið veitir jákvæða umsögn.

Fulltrúi Dýraverndarsambands Íslands óskaði eftir sérstakri bókun um þá afstöðu DÍS vegna dýratilrauna að alltaf skuli hafa í huga að dýr eru ekki hlutir heldur skyni gæddar verur.

- b. Development of personality in the Arctic charr (*Salvelinus alpinus*)

Fagráðið veitir jákvæða umsögn gagnvart notkun á 176 músum.

Í umsókn kemur fram að óskað sé að prófunum loknum að nota megi aðferðir skv. leyfinu við áframhaldandi bólusetningartilraunir og útvíkka notkunina til þess að nota við bólusetningartilraunir með frumum og lipoparticles. Ráðið getur ekki veitt jákvæða umsögn um að útvíkka notkun skv. umsókninni til áframhaldandi bólusetningartilraunar. Ráðið telur að sækja verði um sérstakt leyfi fyrir slíku.

Fulltrúi Dýraverndarsambands Íslands óskaði eftir sérstakri bókun um þá afstöðu DÍS vegna dýratilrauna að alltaf skuli hafa í huga að dýr eru ekki hlutir heldur skyni gæddar verur.

Sigríður Björnsdóttir vék af fundi að lokinni afgreiðslu á þessum dagskrárlíð.

2. Hreindýraveiðar, sjá erindi Jarðarvina dags. 4. júlí 2023.

Afgreiðslu dagskrárlíðarins frestað, en verður unnið af nefndarmönnum milli funda. Samþykkt er að Katrín Andrésdóttur kanni afstöðu veiðimanna og að Anna Berg Samúelsdóttir kanni hjá Náttúrustofu Austurlands og Umhverfisstofnun um faglegan bakgrunn varðandi tímabil hreindýraveiða.

3. Flugeldar og dýr.

Afgreiðslu dagskrárliðarins frestað, en verður unnið af nefndarmönnum milli funda.

4. Ábyrgð sveitarfélaga gagnvart dýrahaldi á hættusvæðum.

Afgreiðslu dagskrárliðarins frestað, en verður unnið af nefndarmönnum milli funda.

5. Skýrsla Ríkisendurskoðunar um eftirlit með velferð búfjár.

Afgreiðslu dagskrárliðarins frestað, en verður unnið af nefndarmönnum milli funda.

6. Þóknun fagráðsmanna.

Rætt um þóknun til nefndarmanna vegna vinnu sem nefndarmenn inna af hendi við að undirbúa og ljúka málum milli funda þannig að ráðið sinni hlutverki sem því ber að sinna skv. lögum nr. 55/2013 um velferð dýra.

Ráðið fer fram á að ftr. Matvælastofnunar leiti til Matvælaráðuneytisins um að taka afstöðu til þóknunar til nefndarmanna. Jafnframt að skoðað verði af hálfu ráðuneytisins að þóknun vegna vinnu nefndarmanna vegna aðkomu þeirra að málum á milli funda á síðastliðnum árum.

7. Vinnureglur fagráðs.

Í ábendingu Ríkisendurskoðunar í skýrslu um eftirlit um velferð búfjár segir: „Endurskoða þarf starfsemi og hlutverk fagráðs um velferð dýra Endurskoða þarf fyrirkomulag fagráðs um dýravelferð, m.a. með tilliti til þess hvort ráðið eigi áfram að sinna afgreiðslu á erindum samhliða ráðgjöf til Matvælastofnunar. Efla þarf sjálfstæði þess og stuðla að því að starfsemi þess verði skilvirkari.“

Fagráðið telur nauðsynlegt að Matvælaráðuneytið taki afstöðu til ábendingarinnar og hefji vinnu við endurskoðun og að skilgreina hlutverk ráðsins.

8. Önnur mál.

Framkvæmd dýravelferðar þegar upp koma náttúruhamfarir. Yfirdýralæknir greindi frá samskiptum við Almannavarnir vegna afskipta af dýrum vegna slíkra hamfara.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 14:20. Næsti reglulegi fundur Fagráðs um velferð dýra verður miðvikudaginn 28. febrúar 2023.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.